

# ERINDISBRÉF

Fyrir starfshóp um þróun upplýsingatækni í skólastarfi í grunnskólum Hafnarfjarðar samþykkt fræðsluráðs frá 28. október sl.

Samþykkt var „*að tveir starfshópar með fulltrúum Skólaskrifstofu og stjórnenda leik- og grunnskóla geri tillögu um stefnumótun er lýtur að því hvernig staðið skuli að þróun og nýtingu upplýsingatækni við kennslu í leikskólum annars vegar og grunnskólum hins vegar. Stefnt verði að því að innan þriggja ára verði skólar í Hafnarfirði í fremstu röð á þessu sviði.*“

## 1. Skipan starfshópsins

<b>Fulltrúar Skólaskrifstofu:</b>	(skipaðir af sviðsstjóra)
Vigfús Hallgrímsson	þróunarfulltrúi grunnskóla, formaður
Helgi Gíslason	sérkennslufulltrúi grunnskóla
<b>Fulltrúar grunnskóla:</b>	(valdir á skólastjórafundi 10. nóv.)
Helgi Arnarson	skólastjóri Hvaleyrarskóla
Hrönn Bergþórsdóttir	skólastjóri Viðistaðaskóla
Lars Jóhann Imsland Hilmarsson	skólastjóri Hraunvallaskóla

## 2. Hlutverk

Meginverkefni starfshópsins er að gera tillögu um þróun í upplýsingatækni í grunnskólastarfi í Hafnarfirði, með áherslu á næstu skref sem miði að því að Hafnarfjörður verði í fremstu röð á næstu árum í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í því felst meðal annars:

- Að setja fram grunnsýn um notkun upplýsingatækni sem verði leiðarljós (til næstu ára) fyrir notkun hennar á kennslufræðilegum forsendum í skólastarfinu í Hafnarfirði.
- Að setja fram verkáætlun til nokkurra ára og gera tillögu um næstu skref í uppbyggingu tölvu- og annars tækjabúnaðar fyrir skólastarfið í ljósi tækninýjunga, aðalnámskrár grunnskóla og nýjunga í kennslufræði þeim tengd.

## 3. Tímamörk

Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hefji nú þegar störf og skili tillögum í janúar 2014.

Hafnarfirði 15. nóvember 2013

  
Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslupjónustu  
